



Borgarráð

Tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála í hjálögðu minnisblaði sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2023

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023

Auglýsing - dagforeldrar í Reykjavík

Auglýsing - hentugt húsnæði fyrir dagforeldra

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála

Almennar tillögur

- Heimilt verði að gera þjónustusamninga við dagforeldra sem kveða á um niðurgreiðslur vegna barna í daggæslu með lögheimili í Reykjavík.
- Miðað verði við að stofnstyrkur verði 1.000 þús. kr. fyrir dagforeldra sem hefja starfsemi í Reykjavík. Greiddar eru 250 þús. kr. við undirritun þjónustusamnings en 750 þús. kr. ári síðar. Gerðar verði breytingar á [reglum Reykjavíkurborgar um stofnstyrki vegna þessa](#).
- Miðað er við að settur verði á árlegur aðstöðustyrkur til dagforeldra í Reykjavík upp á 150 þús. kr. sem tekur gildi eftir tvö ár í starfi. Greiðslur hefjast eftir að dagforeldri hefur starfað í 24 mánuði og eru greiddir árlega frá þeim tíma. Gerðar verði breytingar á Reglum Reykjavíkurborgar um stofnstyrki þar sem tekið er tillit til þessa.
- Ef barn með lögheimili í Reykjavík hættir hjá dagforeldri eftir 1. maí ár hvert, til að hefja dvöl í leikskóla, greiðir Reykjavíkurborg framlag vegna barnsins út júní, ef ekki vistast annað barn í staðinn. Gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna daggæslu sem kveða á um framangreint.
- Reykjavíkurborg sjái um skipulag og greiði fyrir slysavarnarnámskeið á tveggja ára fresti fyrir alla dagforeldra.
- Leitað verði leiða til að finna húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og einkaaðila sem dagforeldrar geti leigt saman tveir og tveir, að teknu tilliti til reglna sem gilda um útleigu húsnæðis. Horft verði til húsnæðis sem hentar miðað fyrir starfseminna og tekur mið af [reglugerð 907/2005 um daggæslu í heimahúsum](#).

Niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

- Niðurgreiðsla Reykjavíkurborgar til dagforeldra vegna barna með lögheimili í Reykjavík verði óbreytt eða 75.853 kr. á mánuði fyrir hvert barn yngra en 18 mánaða.
- Ekkert þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir þjónustuna fyrir börn yngri en 18 mánaða.
- Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar til dagforeldris sama gjald og í leikskóla Reykjavíkurborgar. Miðað verði við 31.157 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla til dagforeldri hækkar í 158.843 kr. pr. barn.
- Tillagan felur í sér að dagforeldrar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg fái 190 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn með lögheimili í Reykjavík sem er 18 mánaða og eldra sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.



Útreikningur kostnaðar

Forsendur

Miðað er við 85 starfandi dagforeldra í dag. Börn í vistun eru 433. Þar af eru 313 yngri en 18 mánaða og 120 eldri en 18 mánaða. Gert er ráð fyrir 40 nýjum dagforeldrum með 200 börn í vistun. Þar af eru 155 börn yngri en 18 mánaða og 45 eldri en 18 mánaða.

Niðurgreiðsla miðast við foreldra í sambúð/hjónabandi sem eiga barn í 8 tíma vistun hjá dagforeldri.

Almennar tillögur

- Stofnstyrkur miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 1.000.000 = 40.000.000$ kr.
- Fyrri greiðsla = 40×250.000 kr. = 10.000.000 kr. (árið 2023)
- Seinni greiðsla = 40×750.000 kr. = 30.000.000 kr. (árið 2024)

Einskiptis kostnaður 40.000.000 kr. sem skiptist á tvö ár

- Árlegur aðstöðustyrkur verði 150.000 kr.
 - Miðað við núverandi fjölda $85 \times 150.000 = 12.750.000$ kr.
 - Miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 150.000 = 6.000.000$ kr. (árið 2025)

Árlegur kostnaður 18.750.000 kr. (að hluta eftir þrjú ár)

Samtals árið 2023: 22.750.000

Samtals árið 2024: 42.750.000

Samtals árið 2025: 18.750.000

Útfærsla um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

- Þegar barn nær 18 mánaða aldri verði niðurgreiðsla 158.843 kr. pr. barn.
- Niðurgreiðsla með hverju barni hækkar úr 75.853 kr. í 158.843 kr. sem nemur hækkun um 82.990 kr. á mánuði.
- Áætlaður fjöldi barna eldri en 18 mánaða er breytilegur en ef miðað er við 120 börn þá verður viðbótarkostnaður á mánuði = **120×82.990 kr. = 9.958.800 kr.**
- Viðbótarkostnaður miðað við 40 dagforeldra fjölgun með allt að 45 börn eldri en 18 mánaða. **158.843 kr. x 45 börn = 7.147.935 kr.**
- Samtals kostnaður 17.106.735 kr. á mánuði.

Árlegur kostnaður 188.174.085 kr. (11 mánuðir).

Samantekt: Einskiptis stofnkostnaðar er um 40 milljónir kr. miðað við fjölgun um 40 dagforeldra. Árlegur heildarkostnaðarauki er aðstöðustyrkur samanlagður við útfærslu um niðurgreiðslu á vistunargjaldi foreldra. Heildarkostnað má sjá í töflu 1 hér að neðan.



Tafla 1. Yfirlit viðbótarkostnaðar

	Útfærsla C
Almennar tillögur	
Einskiptiskostnaður	
Stofnstyrkur	40.000.000 kr.
Árlegur kostnaður	
Aðstöðustyrkir A	18.750.000 kr.
Viðbótarkostnaður núverandi dagforeldrar	
Hækkun niðurgreiðslu 18. mánaða og yngri.	0 kr.
Hækkun niðurgreiðslu 18. mánaða og eldri. B	9.958.800 kr.
Viðbótarkostnaður nýir dagforeldrar	
Hækkun niðurgreiðslu 18. mánaða og yngri.	0 kr.
Hækkun niðurgreiðslu 18. mánaða og eldri. C	7.147.935 kr.
<i>Samtals mánaðarlegur kostnaður B+C:</i>	<i>17.106.735 kr.</i>
Samtals árlegur kostnaður með aðstöðustyrk (11 mánuðir) $A + ((B+C) \times 11)$:	206.924.085 kr.

Umsögn

Leitað hefur verið leiða til að að fjölga dagforeldrum í Reykjavík, en þeim hefur fækkað ört á liðnum árum.

Aukið fjármagn í dagforeldrakerfið gæti aukið líkur á nýliðun í hópi dagforeldra, fjölgað valkostum foreldra og eflt starfsöryggi dagforeldra.

Þjónustusamningur er lykill að farsæld og starfsöryggi dagforeldra. Hann rammur inn gjaldskrá, fjölda þjónustudaga og gegnsæi gagnvart foreldrum.

Húsnæði í eigu borgarinnar er tilvalin lausn til að búa dagforeldrum betri starfsaðstæður og starfsöryggi þar sem tveir dagforeldrar geta starfað saman. Samkvæmt [reglugerð 907/2005](#) skulu húsakynni uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Leiksvæði fyrir hvert barn innandyrna skal að lágmarki vera 3 m² á gólfleti fyrir hvert barn. Bæði leikrými og hvíldaraðstaða skal vera í fullnægjandi íbúðarherbergjum. Baðherbergi, eldhús og svefnaðstaða heimilisfólks telst ekki til leikrýmis barna. Heimilt er að leita umsagnar heilbrigðisnefndar, hvað húsnæði varðar, ef ástæða þykir til. Sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri þarf að liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélags í samræmi við reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.

Út frá þessari reglugerð gæti verið tækifæri að leita að húsnæði sem hentar þess háttar starfsemi. Meginreglan er að dagforeldrar starfi í heimahúsum og æskilegt er að dagforeldrar hafi aðgang að útisvæði þar sem þeirra ábyrgð snýr að andlegri og líkamlegri velferð barna í þeirra umsjón. Á það við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útveru, tilfinningalíf og félagslega líðan.



Sem dæmi um hentugt húsnæði mætti nefna færanlegar einingar á eldri gæsluvöllum, auð gæsluvallarhús, auð verslunarrými á jarðhæð fjölbýlishúsa eða önnur hentug leiguhúsnæði.

Til að gefa mynd af lágmarksrymi sem þarf fyrir tvo dagforeldra með 10 börn í leiguhúsnæði þá mætti segja að að lágmarki yrði rýmið að vera á milli 40 – 45 m². Af því skulu 30 m² vera fyrir leikrymi barna og 10 – 15 m² fyrir salernisaðstöðu og eldhúsaðstöðu.

Ekki er gert fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun 2023 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun verði tillagan samþykkt.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn FAS um tillögu að úrræðum vegna dagforeldramála

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Um er að ræða margvíslegar tillögur sem snúa að niðurgreiðslum, styrkjum og öðrum stuðningi til að efla starfsumhverfi dagforeldra. Með tillögunum fylgir greinargerð og útreikningar skóla- og fristundasviðs á fjárhagslegum áhrifum.

Í forsendum kostnaðarmatsins er gert ráð fyrir að dagforeldrum fjölgi um 40 þ.e. að fjöldinn fari úr 85 í 125. Þetta þýðir um 200 ný börn í vistun en gert er ráð fyrir 155 börnum undir 18 mánaða og 45 börn eldri en 18 mánaða.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif tillaganna árin 2023 til 2025 skv. kostnaðarmati sviðsins¹:

Fjárhæðir í m.kr.	2023	2024	2025
<i>Núverandi dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	12.750	12.750	12.750
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	49.794	109.547	109.547
Árlegur kostnaður - núv. dagf.	62.544	122.297	122.297
<i>Nýir dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	0	0	6.000
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	35.740	78.627	78.627
Árlegur kostnaður - nýir. dagf.	35.740	78.627	84.627
Samtals árlegur kostnaður	98.284	200.924	206.924
Stofnstyrkur - nýir dagforeldrar	10.000	30.000	0
Heildarkostnaður	108.284	230.924	206.924

Eins og taflan sýnir þá er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi um 108 m.kr. árið 2023, um 230 m.kr. árið 2024 og um 207 m.kr. frá og með árinu 2025. Eftirfarandi tafla sýnir svo skiptinguna annars vegar á milli stofn- og aðstöðustyrkja og hins vegar á milli niðurgreiðslna.

¹ Gert ráð fyrir niðurgreiðslur í 5 mán árið 2023



Sundurliðun	2023	2024	2025
<i>Þar af stofn- og aðstöðustyrkir</i>	22.750	42.750	18.750
<i>þar af niðurgreiðsla</i>	85.534	188.174	188.174
Heildarkostnaður	108.284	230.924	206.924

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillögurnar og kostnaðarmatið. Tillögurnar fela í sér að kostnaðarauka bæði vegna stofn- og aðstöðustyrkja og vegna hærri niðurgreiðslna. Ljóst er að töluverð óvissa er um hvaða áhrif tillögurnar hafa á fjölgun dagforeldra. Því er innifelur kostnaðarmatið í sér mikla óvissu, bæði varðandi fjárhæðir og hvenær kostnaðurinn fellur til. Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif m.v. mismunandi forsendur um fjölgun dagforeldra:

Fjöldi nýrra dagforeldra	0	20	40	60	80
Fjöldi nýrra vistunarplássna	0	100	200	300	400
Árlegur kostnaður	122.297	164.610	206.924	249.237	291.551
Einskiptiskostnaður	0	20.000	40.000	60.000	80.000

Þó er bent á að kostnaðarmatið tekur ekki til liða 4 og 5 í tillögunum. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði er gert ráð fyrir að kostnaðurinn vegna þessara liða verði óverulegur og að ekki sé líklegt að sækja þurfi um auknar fjárheimildir vegna þessa.

Í dag er dagforeldraliður skóla- og frístundasviðs undir fjárheimildum. Verði tillagan samþykkt er lagt til að skóla- og frístundasvið nýti það svigrúm upp í kostnaðinn við tillögurnar. Að sama skapi er bent á að nauðsynlegt er að skoða samspil tillögunnar við brúum bilið verkefnið og það fjármagn sem tekið hefur verið frá vegna þess í fimm ára áætlun. Þrátt fyrir hækkun niðurgreiðslna er kostnaður við hvert leikskólaláss enn hærri vegna 18 mánaða og eldri. Í ljósi þeirra miklu óvissu sem er um fjölgun dagforeldra er mikilvægt að fylgst sé vel með árangrinum af verkefninu og áhrif á fjárheimildir endurmetnar þegar reynsla er kominn á tillögurnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Nú er spennandi kostur að gerast dagforeldri!

Við bætum aðstæður dagforeldra, vilt þú kynna þér málið og slást í hópinn?

Boðið er upp á:

- Hærri stofnstyrk
- Árlegan aðstöðustyrk
- Nýja þjónustusamninga
- Möguleika á leiguhúsnæði fyrir starfsemina
- Endurmenntun

Nánari upplýsingar er að finna á <https://reykjavik.is/dagforeldrar>



Reykjavík



Lumar þú á hentugu húsnæði fyrir dagforeldra til leigu?

Reykjavíkurborg vinnur að því að fjölga dagforeldrum í Reykjavík og vill því finna húsnæði sem hentar starfsemi þeirra. Húsnæðið þarf að vera að minnsta kosti 50 fermetrar og uppfylla reglugerð um húsnæði fyrir dagforeldra þar sem tveir dagforeldrar vinna saman með allt að 10 börnum.

Sjá nánar reglugerð um dagforeldra hér <https://reykjavik.is/dagforeldrar>

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar tekur á móti fyrirspurnum og hugmyndum á netfangið esr@reykjavik.is



Reykjavík